

## **Brautskráning 23. maí 2026**

### **Menntaskólinn að Laugarvatni**

Heiðraða samkoma. Ágætu verðandi nýstúdentar, samstarfsfólk, góðir gestir og vinir skólans. Fyrir hönd Menntaskólans að Laugarvatni býð ég ykkur hjartanlega velkomin á brautskráningarathöfn skólans 2026. Gleðilega hátíð.

Útskriftardagur er ætíð mikil hátíð og í dag verða útskrifaðir 52 nýstúdentar. Við sameinumst í dag til að fagna með unga fólkinu og gleðjast með þeim á endapunkti þeirra þriggja ára ferils hér við ML.

Ég býð sérstaklega velkomna foreldra og önnur skyldmenni nýstúdenta sem mörg hver eru komin um langan veg til að geta verið hér viðstödd. Aðstandendur nemenda skólans hafa sýnt skólanum mikið traust og skólinn vill helst af öllu reynast verðugur þess trausts. Ég vil nota tækifærið og koma á framfæri þakklæti til foreldra nýstúdentanna fyrir áhugann, rútuaksturinn, myndatökuna, kjólana, gítarspilið, blómin, spjallið og annað það sem þið hafið látið af hendi rakna. Samfélag og samvinna nemenda, starfsfólks og foreldra eru verðmæti sem skila sér í öflugu skólastarfi og þétu neti umhyggju.

Menntamál eiga hug minn allan og það er afar spennandi að þjóðin og stjórnámálamenn hafi sýnt áhuga á velferð menntakerfisins undanfarin misseri. Menntun og framtíð barnanna okkar er nefnilega mikið hjartans mál sem kallar oft á margslungnar tilfinningar. Ég þarf líklega síst að segja ykkur sem hér sitjið hversu mikilvægt er að við leggjum okkur fram um að vinna faglega að umbótum á stóru kerfi sem umfaðmar hagsmuni framtíðar þessa lands, sem eru börnin okkar og afkomendur.

Í því samhengi, að bæta þurfi menntun íslenskra barna, þurfum við fyrst og fremst að huga að því sem er unga fólkinu fyrir bestu. Í grunninn þurfum við fyrst að aga okkur sjálf sem samfélag og setja menntunina í fyrsta sæti. Til þess þurfum við öflugt fagfólk en ekki síst vilja stjórnvalda og fjármagn sem helst í hendur við þau gæði sem við köllum eftir. Eins þurfum við að horfast í augu við að til að ná árangri þurfum við að gera kröfur. Og við viljum gera kröfur. Við viljum að ungir Íslendingar séu færir um að leysa flókin verkefni og séu virkir þátttakendur í lýðræðissamfélagi.

Í ML gefst tækifæri til að mennta nemendur umfram það sem upp er gefið í kennsluáætlunum. Dulda námskráin í ML fer fram eftir kl. fjögur á daginn. Félagslífið setur mikinn svip á skólastarfið og nemendur hér hafa það að mörgu leyti umfram að framhaldsskólanemendur víða um land að hafa aðgang að félögunum á hverjum degi eftir skóla. ML-andinn umfaðmar

virgni einstaklingsins; að hver og einn upplifi sig velkominn og finni sig knúinn til að taka þátt í því starfi sem fram fer við skólann, hvort sem það er námið eða félagslífið. Með virkri þátttöku í litlu skólasamfélagi, að finna til ábyrgðar gagnvart samfélaginu eru nemendur líklegri til að taka virkan þátt í samfélagi sínu þegar komið er út í hina víðu veröld. Virkri þátttöku í samfélagi fylgir einnig sköpun; að hafa skoðanir á málum og láta sig þau varða knýr einstaklinginn til að finna lausnir á málum og skapa leiðir og lausnir sjálfir. Þetta tvennt, virknin og sköpunin eru leiðarljós duldrar námskrár ML.

Það hljómar eflaust léttvægt í eyrum þeirra sem ekki þekkja til að í ML sé öflugt félagslíf. En þessi dulda námskrá, þessi tilgangur sem skerpist með góðu utanumhaldi og leiðsögn, er grunnurinn að sjálfstæðri hugsun og lýðræðishugarfari.

Lýðræði er nefnilega ekki meðfædd hegðun. Það er ábyrgð okkar sem eldri erum að efla lýðræðislega hugsun og færni ungviðisins og besta leiðin til að læra er með því að gera. Taka þátt. Upplifa. Því lýðræði er draumur; lærð hegðun sem kynslóðirnar sem komu á undan okkur börðust fyrir.

Félagslífið í ML er fjársjóður og vonandi, ef vel tekst til, getum við lagt okkar af mörkum við að undirbúa nemendur skólans fyrir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi; bæði innan bóknámsins og utan.

Það eru ætíð blendnar tilfinningar sem fylgja útskrift frá Menntaskólanum að Laugarvatni. Í aðra röndina fylgir því stolt, gleði og ánægja yfir að hafa staðið sig vel og lokið þriggja ára verkefni með sóma. Á hinn bóginn flæðir yfir útskriftarefnin söknuður og uppgjör við dvölinna á heimavistinni, í skólanum og samvinnan við fólkið. Fjársjóðurinn er sannarlega sá að hafa upplifað dvölinna, námið og lærdóminn. Að hafa lifað hér, elskað og tilheyrt. Ég leyfi mér að þýða ljóðlínu Tennyson sem hljómar svo á okkar ylhýra; „Það er betra að hafa elskað og misst en að aldrei hafa elskað.“

Ég hef stundum velt þessu fyrir mér – eðli þess að starfa að menntamálum. Í raun er þetta sama atriði helsti kostur starfsins og galli þess. Við heilsumst og kveðjumst, ár eftir ár. Við kveðjum unga fólkið og söknum þess en kveðjum líka foreldra og aðra aðstandendur sem setja svip sinn á starfið á meðan dvöl nemenda stendur.

Í aðdraganda útskriftar fór ég að velta fyrir mér hvaða hug ég ber til þessa hóps sem við ætlum hér að kveðja. Þá lét ég hugann reika og hugsaði til Kristins Kristmundssonar, skólameistara ML 1970-2002. Hvað ætli hann hafi hugsað við útskrift 1976 þegar hann brautskráði nemendahópinn þá? Í ML er allt að sjálfsgöðu varðveitt og ég fletti upp í ræðusafni skólans og las þar orð sem Kristinn lét falla um núverandi 50 ára stúdenta sem hefðu svo vel getað verið frá mér til nýstúdentanna í dag, 2026. Bein tilvitnun í valda kafla úr ræðu Kristins hljóða svo:

„Nú þegar komið er að skilnaðarstund eftir fjögurra ára samveru og samstarf í blíðu og stríðu er margs að minnast. Þegar ég lít aftur finnst mér þessi ár hafa verið ótrúlega fljót að líða. Ég sé ykkur flest fyrir mér þann haustdag árið 1972 þegar þið skyggndust hér um gáttir allar í fyrsta sinn, hikandi, varfærin en öll full eftirvæntingar og spurnar.“ Svo koma fallegar endurminningar Kristins frá samverustundum með hópnunum en ég leyfi mér að hoppa yfir í: (og tilvitnun hefst) „Vissulega hefur kastast í kekki í samskiptum okkar, þið hafið margoft glatt mig alveg óvænt, en líka stundum valdið mér vonbrigðum. Minningarnar um ykkur eru svo margbreytilegar að vonlaust er að ég komi orðum að meira en broti af því sem mig langar að segja við ykkur. En ég veit líka að þið hafið eignast minningar og ég hygg að þær verði ykkur dýrmætur fjársjóður sem þið eigið eftir að ávaxta og njóta þegar frá líður.“ Tilvitnun lýkur.

Það er svo margt breytingum háð í þessari veröld en ferð manna í gegnum æviskeiðið er bundin sama takti nú og fyrir 50 árum síðan. Nemendur koma hér og vaxa, dafna, læra, þroskast og lifa. Koma skólameisturum sínum í flókin verkefni en líka ánægjulega á óvart. Það er svo margt sameiginlegt með upplifun ML-inga af dvöl sinni við skólann og á heimavistinni, hvort sem það átti sér stað fyrir eða eftir aldamótin síðustu.

Það væri gaman ef afmælisstúdentar eru til í að rísa úr sætum ef þau eru hér viðstödd; 5 ára, 10 ára, 15 ára og 20 ára, 25 ára, 30

ára, 35 ára, 40 ára, 45 ára, 50 ára, 55 ára, 60 ára Tryggð þeirra og vinátta við skólann er honum ómetanleg. Ég býð þau hjartanlega velkomin. En hér blasir líka við framtíð ykkar kærú nýstúdentar, á fimm ára fresti um ókomna tíð.

Að lokum óska ég Menntaskólanum að Laugarvatni og öllum hans velunnurum til hamingju með daginn og þakka fyrir samstarfið á nýliðnum vetri. Þegar ég hef lokið máli mínu mun Áslaug Harðardóttir, áfangastjóri og staðgengill skólameistara, taka til máls en hún flytur annál skólaársins. Þegar hún hefur lokið máli sínu mun hluti útskriftarnemenda flytja tvö lög undir stjórn Stefáns Þorleifssonar, stjórnanda kórs ML en Stefán tók við stjórnartaumunum af Eyrúnu Jónasdóttur í ágúst 2025. Stefán mun sjálfur kynna lögín sem nýstúdentarnir ætla að syngja fyrir okkur. Takk fyrir og gjörið svo vel.

Jóna Katrín Onnoy Hilmarsdóttir,

Skólameistari